

## Tröllahvannir í Reykjavík sumarið 2019



*Mynd 1 Nýr fundarstaður Bjarnarklóar hjá Nýsköpunarmiðstöðinni rétt hjá Úlfarsá.*

Ólafur Arason  
Snorri Sigurðsson

Deild náttúru og garða,  
umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur


Vorið var óvenju veðursælt og maí og júní mjög sólríkir. Gróður kom því snemma upp í ár. Fyrstu blóm húnaklóar byrjuðu að blómstra í kringum 14 júní (mynd 4), sem er 2-3 vikum fyrr en í fyrra. Mikið var um nýja fundarstaði í ár (mynd 2), nokkrir með stórum og miklum tröllahvannabreiðum. Flestir af þessum nýju fundarstöðum eru líklega af breiðum/plöntum sem hafa verið til staðar í nokkur ár.

Eitrunaraðgerðir sem fóru fram árið 2018 áður skiluðu misjöfnum árangri t.d. litlum árangri við Vesturbæjarlaug og Gullinbrú en eitrunaraðgerðir á Hólmsheiði og Laugarnesi heppnuðust vel. Betra gekk að beita eitri á bjarnarkló en húnakló. Í ár var sett meiri áhersla á að nota vistvænni aðgerðir eins og tíðari slátt, og að klippa af blómstöngla til að halda útbreiðslu tröllahvanna í skefjum.



Mynd 2 Nýjir fundarstaðir í Reykjavík 2019





Mynd 3. Vinstra megin: Kort af húnakló og bjarnarkló í Grafarholti, Úlfarsárdal og Hólmsheiði  
Hægra megin: Áhrif eitrunar á Hólmsheiði. Húnaklóin náði að blómstra þrátt fyrir eitrun 2019.

Áhrif af eitrun 2018 enn sjáanleg á gróðrinum í kring

### Hólmsheiði, Grafarholt, Úlfarsárdalur

Í byrjun sumars leit úr fyrir að eitrunaraðgerður á Hólmsheiði hefðu drepit flestar plöntur. Þegar líða fór á sumarið komu þó upp fleiri nýjar plöntur. Á Hólmsheiði var eitrad aftur 2019, en eiturmagn var mun minna en 2018, eitrad var til að árangur frá eitruninni í fyrra myndi ekki ganga til baka. Einnig var farið í nokkra leiðangra til að klippa blómhausa af. Húnaklóin náði að blómstra (mynd 3) þrátt fyrir að hafa fengið eitur á sig. Ný frekar stór breiða rétt austan við hinar fannst í lok júlí sem hefur sloppið við eitrun. Bjarnarkló vex enn í töluverðum við bæinn Úlfarsfell II en hefur þó lítið breiðst út sem er jákvætt. Á lóð Lambhagasalats við Lambhagaveg fannst ný stór breiða af bjarnarkló.





Mynd 4. Vinstra megin: Útbreiðslukort tröllahvanna í vesturbænum 2019  
Hægra megin: Útbreiðslukort tröllahvanna í grafarvoginum 2019

## Vesturbær

Eitrunaraðgerðir 2018 skiluðu takmörkuðum árangri. Eiturefnin sem voru notuð í Vesturbænum í fyrra voru mildari þar sem svæðið er í miðri íbúðarbyggð og var ekki að sjá að húnakló haf fækkað milli ára. Árið 2019 var lögð áhersla á tíðari slátt, og samvinnu við verkþækistöð garðyrkju í Vesturbær sem uppræti reglulega einstakar plöntur víða í Vesturbænum (mynd 5). Eins og áður voru leik- og skólalóðir og leiksvæði í forgangi varðandi eftirlit og umhirðu. Töluvert er um húnakló á einkalóðum og voru blóm fjarlægð af þeim þar sem þær voru aðgengilegar (t.d. þar sem plöntur uxu í limgerði út að götu eða gangstétt). Bréf voru send á íbúa sumarið 2018, sú aðferð skilaði takmörkuðum árangri, þó einhverjir garðar hafi verið teknir í gegn og voru því bréf ekki sent út í sumar en við vettvangsferðir var oft talað við íbúa og margir höfðu samband og fengu ráðleggingar um hvernig best sé að uppræta plönturnar. Nýir fundarstaðir fundust á Reynimel, í Frostaskjóli og við Hofsvallagötu. Heildarútbreiðslusvæðið er þó nokkuð svipað og undanfarin ár.



Mynd 5. Vinstra megin: Húnakló á Kaplaskjólsvégi, 14 júní komin í blóma  
Hægra megin: Nýslegið tún við Vesturbæjarlaug, 24 júlí

## **Grafarvogur**

Nokkrir nýir fundarstaðir voru í Grafarvogi (Mynd 2). Tveir stórir fundarstaðir í Gufunesi annar með bjarnarkló en hinn með húnakló, stök bjarnarkló við Úlfarsá (mynd 1) og bjarnarkló í garði í Funafold. Bjarnarklóin við Funafold er gömul planta sem hefur náð að vaxa upp aftur, en hinar plönturnar hafa líklegast borist með garðúrgangi. Sláttutíðni við húnaklóarbreyðuna við Gullinbrú var aukin í sumar til að koma í veg fyrir fræmyndun og draga úr vaxtarkrafti plantnanna. Hverfastöð garðyrkju í Austurborginni sá um að klippa af blóm plantnanna í Gufunesi og fyrir neðan Logafold. Fræðslukynning um tröllahvannir var haldin fyrir kennara í Hamraskóla um vorið. Svipuð kynning var einnig boðin Foldaskóla sem og skólum í Vesturbæ en komust ekki á dagskrá hjá skólunum.

## **Fossvogur, Laugardalur Breiðholt og Árbær**

Eitrunaraðgerðir á Laugarnesi komu vel út. Á túninu fyrir framan Sigurjónssafn þar sem áður var stór bjarnarklóarbreyða eru nú einungis fáar einstakar plöntur eftir, og aðrar tegundir eins og ætihvönn og skógar- og spánarkerfill að taka yfir. Túnið var slegið í sumar til að hafa hemil á kerfilsvexti. Í einkagörðum eru hins vegar enn mjög stórar plöntur en í einni þeirra var eitrad frekar í sumar.



Vöxtur og dreifing plantna í Miðtúni var meiri en í fyrra. Tveir nýir fundarstaðir í 104, við göngustíg fyrir aftan tjaldsvæðið í Laugardalnum og við Dyngjuveg. Enn vaxa stórar plöntur bak við lóðir á Laugarnesvegi inni á framkvæmdasvæði þar sem rís byggðin við Kirkjusand.

Tveir nýir fundarstaðir fundust í Fossvogi, stök bjarnarkló í Hellulandi, og stór húnaklóarbreyða á sameignarlóð í Goðalandi. Enn er mikið um bjarnarkló inn á lóð Furugerði 23. Lítið er um tröllahvannir í Breiðholti, bjarnarkló vex enn inn á einkalóðum í Vesturbergi og Skriðuseli en var horfin úr Ystaseli og húnakló sem óx í lúpínubykni á opnu svæði ofan við Lindasel virðist hverfandi. Nýr og frekar stór fundarstaður af húnakló fannst í Skriðustekk og Lambastekk síðla sumar. Á nokkrum stöðum í Seljahverfinu hafa plöntur verið upprættar.

## **Miðbær**

Útbreiðsla bjarnarklóar er mjög svipuð og í fyrra. Plönturnar eru nánast allar á einkalóðum. Bakgarður milli Óðinsgötu og Bergstaðarstræti er sérstaklega slæmur. Nýir fundarstaðir á Þórsgötu, Miðstræti, og Skálholtsstíg og húnakló fannst á Ásvallagötu sem er fyrsti fundarstaður tegundarinnar í Gamla Vesturbænum og líklegt að fræ hafi borist frá Melunum. Í Skerjafirðinum voru nokkrar einkalóðir þar sem íbúar höfðu losað sig við plöntur.





Mynd 4. Vinstra megin: Útbreiðslukort tröllahvanna í miðbænum  
 Hægra megin: Útbreiðslukort tröllahvanna í Breiðholti og Árbæ